

GJALDSKRÁ

Rafveitu Siglufjarðar.

I. RAFORKA

1. Lýsing.

1.1 Orka til almennrar lýsingar kr. 4,61 á kWst.

2. Heimilisnotkun.

2.1 Orka til almennrar heimilisnotkunar svo og sjúkrahúsa, vistheimila, hótela og hliðstæðra stofnana kr. 4,61 á kWst.

3. Vélanotkun.

3.1 Orka til véla og mannvirkjagerðar kr. 4,61 á kWst.
 3.2 Orka samkv. 15 mínútna meðalafismælingu, lágmark 20 kW kr. 1,45 á kWst.
 Aflgjald með lýsingu kr. 6 630,00 kW/á ári
 3.3 Ef um mikla orkunotkun er að ræða, svo sem til frystihúsa og kaupandinn skuldbindur sig til að kaupa 20 000 kWst. á ári hið minnsta, má selja orkuna um kWst.-mæli þannig:
 Fyrir fyrstu 20 000 kWst. ársnotkun kr. 4,61 á kWst.
 Fyrir næstu 80 000 kWst. ársnotkun kr. 3,44 á kWst.
 Fyrir umfr. 100 000 kWst. ársnotkun kr. 3,17 á kWst.

4. Hitun.

4.1 Orka til íbúðarhúshitunar, roftími $2 \times 1,5$ klst. á dag kr. 0,96 á kWst.
 4.2 Orka til atvinnuhúshitunar, roftími $2 \times 2,5$ klst. á dag kr. 1,40 á kWst.
 4.3 Orka til hitunar í iðnaði, roftími $2 \times 1,5$ klst. á dag kr. 2,00 á kWst.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til upphitunar:

- Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- Að tæki, lagnir og búnaður í sambandi við rafmagnsupphitun sé samkvæmt fyrir mælum rafveitunnar.
- Að hús, sem fá leyfi fyrir rafmagnsupphitunina, fullnægi lágmarkskröfum, sem rafveitan setur um einangrun.

II. HEIMTAUGAGJÖLD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við veituna, skal greiða heimtaugargjald sem miðast við flutningsgetu raftaugar þeirrar sem að húsinu liggur, svo sem hér segir:

Heimtaugagjöld	Heimtaugagj.	Yfirl.gj. kr/m
63 A 1-fasa	kr. 18 800,00	1 070,00
63 A 3-fasa	kr. 18 800,00	1 070,00
100 A 3-fasa	kr. 25 600,00	1 210,00
125 A 3-fasa	kr. 31 300,00	1 380,00
200 A 3-fasa	kr. 41 300,00	1 870,00
300 A 3-fasa	kr. 71 400,00	2 170,00

Yfirlengd greiðist þegar lengd heimtaugar fer fram úr 15 m. Lengd jarðstrengs mælist frá lóðarmörkum húss. Ef heimtaugin krefst óvenjumikils kostnaðar að dómi rafveitustjórna, svo sem nýrrar spennistöðvar, nýrra aflstrengja eða annars búnaðar, verða gjöldin

ákveðin af rafveitustjórn í hverju tilviki. Ef lögð er fleiri en ein heimtaug að húsi, greiðir húseigandi allan kostnað við síðari heimtaugina samkv. reikningi. Þau hús, sem áður hafa greitt heimtaugagjöld, greiði aðeins hálf t heimtaugargjald, ef loftlínu er breytt í jarðstreng.

Gjald fyrir heimtaug fellur í gjalddaga þegar uppsetningu er lokið og áður en strumur er settur á heimtaugina.

III. OPNUNARGJALD

Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari ekki verið greitt svo að til lokunar veitu hafi komið skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 178,00. Ef fundin er óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 178,00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

IV. SÖLUSKATTUR

Söluskattur 24% og verðjöfnunargjald 16% samtals 40% eru talin með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í I. kafla og gjaldskrár þessarar nema gjaldalið 4.1. og 4.2., sem er sala raforku til upphitunar.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. mars 1985 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 687 5. september 1983.

Iðnaðarráðuneytið, 21. febrúar 1985.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Siglufjarðar.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Siglufjarðar selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim sem gerð hafa verið eða verða gerð í lögsagnarumdæmi Siglufjarðar eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. reglugerð fyrir Hitaveitu Siglufjarðar nr. 244 8. júní 1977.

2. gr.

Hitaveita Siglufjarðar lætur hverju húsi sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu. Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark sem hemillinn er stilltur á. Hitaveitan ræður gerð hemilsins og sér um viðhald og endurnýjun hans.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu innsiglaðra tengihluta. Hitaveitan breytir stillingu hemils samkvæmt ósk húseiganda, fyrstu þrjá mánuðina eftir að húsið hefur verið tengt við hitunarkerfið, en síðan verður hemlastillingu að jafnaði breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. september ár hvert.